

Nd.

409. Frumvarp til lánsfjárlaga

[180. mál]

fyrir árið 1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1980 allt að 11 347 m.kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að upphæð 8 900 m.kr.

Lántökuheimild ríkissjóðs skv. 3. gr. laga nr. 98/1979 er úr gildi felld að öðru leyti en því sem fjárráðstafanir hafa þegar verið gerðar á grundvelli hennar með samþykki fjárveitinganefndar vegna lánsfjárþarfar fyrir árið 1979.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1980.

3. gr.

3. gr. laga nr. 82/1977, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1979 hljóði svo:

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði Íslands. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall verðbréfa-kaupa af ráðstöfunarfé.

Fjármálaráðuneytið kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupir bréf af ríkissjóði og hvorum þessara fjárfestingarlánasjóða, m. a. með tilliti til samkomulags sem lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ hafa gert um kaup á bréfum Byggingarsjóðs ríkisins fyrir 20% af ráðstöfunarfé sínu.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár svo og ákvæði um lánstíma og lánskjör.

4. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að 28 700 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjafoss og lokaframkvæmdir við Sigölduvirkjun.

5. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituf framkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að 2 000 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að 2 950 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Lán á árinu 1980 til annarra hitaveituf framkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 1 450 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð 1 100 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kaupum og uppsetningu á gufuhverfli til raforkuframleiðslu á Svartsengi.

7. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1980 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að 500 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð 1 517 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

9. gr.

Þörungavinnslunni hf. er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að 240 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til greiðslu skammtíma skulda sem á fyrirtækinu hvíla.

10. gr.

Framkvæmdasjóði er heimilt að taka erlent lán á árinu 1980 að fjárhæð 5 525 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem tilgreindir eru í 5., 6., 7., 8. og 9. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

12. gr.

Drátt fyrir ákvæði II. kafla laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, með síðari breytingum, skal húsnæðismálastjórn á árinu 1980 veita Framkvæmdasjóði Íslands lán af sparnaðarfé skv. III. kafla laganna er nemi 1 000 m.kr. Lánskjör skulu vera hliðstæð og þau er Byggingarsjóður ríkisins nýtur að jafnaði af skyldusparnaðarfé ungmenna.

13. gr.

Drátt fyrir 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Bygðasjóðs á árinu 1980 eigi fara fram úr 2 635 m.kr. Að auki er Bygðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 1 500 m.kr.

14. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1980 ekki fara fram úr 721 700 þús. kr.

15. gr.

Drátt fyrir 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands eigi fara fram úr 21 250 þús. kr.

16. gr.

Drátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1980 ekki fara fram úr 1 236 m.kr.

17. gr.

Drátt fyrir 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 501 350 þús. kr. á árinu 1980.

18. gr.

Drátt fyrir ákvæði a-, c- og d-liðar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skulu samanlagðar tekjur Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt greindum stafliðum ekki fara fram úr 7 100 500 þús. kr. á árinu 1980. Fari tekjur skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1965 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977, og skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laganna fram úr þessari fjárhæð skal það sem umfram er renna í ríkissjóð.

19. gr.

Drátt fyrir ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1980 eigi fara fram úr 432 500 þús. kr.

20. gr.

Drátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1980 eigi fara fram úr 201 813 þús. kr.

21. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921, um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjárjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1980 ekki fara fram úr 327 300 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1980 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

22. gr.

Drátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1980 eigi fara fram úr 125 062 þús. kr.

23. gr.

Drátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 1 060 m.kr. á árinu 1980.

24. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973 skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs á árinu 1980 ekki fara fram úr 190 120 þús. kr.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, sbr. 8. gr. sömu laga, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilaskjóðs ekki fara fram úr 251 100 þús. kr. á árinu 1980.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1980 eigi fara fram úr 30% af skilafé Friðhafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 27 m.kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Friðhafnarinnar er fellur til ráðsins.

27. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs, þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánnum. Jafnframt er Landsvirkjun veitt heimild til lántöku í sama tilgangi. Skal ráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta, til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilána) er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánsamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánsamninginn að nýju nema lagaheimild liggja fyrir.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980. Frumvarpið felur í sér lántökuheimild fyrir ríkissjóð á árinu 1980 auk heimildar til Framkvæmdasjóðs Íslands, Landsvirkjunar, sveitarfélaga, Orkubús Vestfjarða, Þörungavinnslunnar hf. og aðila er standa að hitaveituframkvæmdum. Frumvarpið felur einnig í sér ákvæði um kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði Íslands. Þá eru í frumvarpi þessu breytingar á lögum nokkurra fjárfestingarlánasjóða í samræmi við markaða stefnu fjárlaga fyrir árið 1980.

Meðfylgjandi heildaryfirlit um fjáröflun og ráðstöfun lánsfjár á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980 sýnir að lánsfjárþörf opinberra aðila nemur alls 107 958 m.kr. Þar af eru 55 320 m.kr. erlendar lántökur og 52 638 m.kr. innlendar.

Um 1. og 2. gr.

Erlendar lántökur til framkvæmda vegna A- og B-hluta ríkissjóðs nema alls 11 347 m.kr. en námu 21 360 m.kr. skv. 1. gr. fjárlaga 1980. Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir því að þess verði freistað að auka innlendar lántökur til þess að takmarka erlendar lántökur sem frekast er kostur. Til þess að fyrirhugaðri innlendra lánsfjáröflun verði náð mun verða gengið ríkt eftir því að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf fyrir 40% af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1980. Auk þess er óhjákvæmilegt að auka útgáfu spariskirteina ríkissjóðs sem frekast er kostur og ná samningum við innlánsstofnanir um kaup á ríkistryggðum verðbréfum. Í 6. gr. fjárlaga var veitt heimild til 2 800 m.kr. verðbréfaútgáfu og með 3. gr. laga nr. 6/1980 var heimiluð

útgáfa ríkisskuldabréfa eða spariskirteina að fjárhæð allt að 5 600 m.kr. Áætlað er að innheimta af endurlánuðu spariskirteinafé leiði til 6 738 m.kr. nettóinnstreymis. Í þessu frumvarpi er síðan leitað heimildar til lántöku á innlendum lánsfjármarkaði að upphæð 8 900 m.kr., svo að unnt verði að fjármagna fyrirhugaðar ríkisframkvæmdir.

Um 3. gr.

Nýmæli þessarar greinar er að inn í lög nr. 82/1977 eru nú sett ákvæði um að lífeyrissjóðir kaupi skuldabréf ríkissjóðs auk kaupa skuldabréfa Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs Íslands. Ákvæði laga nr. 20/1979 eru tekin upp að nýju en það eru ákvæði um að lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ kaupi skuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins fyrir 20% af ráðstöfunarfé, innan þess ramma er lögin að öðru leyti setja. Þetta er til staðfestingar samkomulagi sem ASÍ gerði við ríkisstjórnina í febrúar 1974. Jafnframt er ákveðið að fjármálaráðuneytið setji með reglugerð ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og hefur heimild til ákvörðunar um af hvaða aðilum lífeyrissjóðirnir kaupa skuldabréf, enda séu ávöxtunarkjör sambærileg. Gert er ráð fyrir að sett verði nánari ákvæði um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.

Um 4. gr.

Framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar eru áformaðar alls fyrir 31 067 m.kr. á árinu 1980. Verkhraði sá sem fyrirhugaður er á árinu 1980 er talinn nauðsynlegur eigi virkjunin að geta hafið framleiðslu haustið 1981. Framkvæmdafjárhæðin skiptist þannig að 23 910 m.kr. renna til framhaldsframkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun, 3 308 m.kr. renna til endurbóta og lokafrágangs við Sigölduvirkjun, rannsóknar og vélakaupa, og 3 849 m.kr. er til endurgreiðslu vaxta af framkvæmdalánunum.

Fjármögnun framkvæmda Landsvirkjunar er þriðþætt: Í fyrsta lagi erlendur lántökur alls 28 691 m.kr. Í öðru lagi 2 113 m.kr. úr rekstri, en þar af er 263 m.kr. aukið eiginfjárframlag Reykjavíkurborgar, og að lokum 263 m.kr. eiginfjárframlag ríkissjóðs.

Um 5. gr.

Framkvæmdir við hita- og fjarvarmaveitur aðrar en á vegum Orkubús Vestfjarða eru alls fyrirhugaðar fyrir um 19 876 m.kr. Þar af nemur erlend lánsfjárflokkur 6 400 m.kr. en auk þess er að því stefnt að lánasjóður sveitarfélaga láni um 2 000 m.kr. til þessara framkvæmda og orkusjóður um 425 m.kr. Úr rekstri aflast því um 11 050 m.kr. Lánveitingar eða ábyrgðir af ríkisins hálfu verða ekki veittar til einstakra hitaveitna fyrr en iðnaðarráðherra hefur veitt einkaleyfi til reksturs og skilyrðum orkulaga um einkaleyfisveitingu er fullnægt. Stærstu lánsfjármögnuðu verkefni á árinu 1980 eru áframhaldandi framkvæmdir við Hitaveitu Akureyrar 2 500 m.kr. og Hitaveita Akraness og Borgarness 3 200 m.kr.

Um 6. gr.

Erlend lántaka Hitaveitu Suðurnesja nemur alls 1 100 m.kr. og verður því fé varið til að kaupa og reisa gufuhverfil í Svartsengi til raforkuöflunar, en ríkisstjórnin veitti fyrirtækinu nýverið leyfi til að reisa og reka 6 MW gufuaflsstöð.

Um 7. gr.

Lántökur til ýmissa framkvæmda sveitarfélaga nema alls 500 m.kr. Þar af rennur hluti til Vestmannaeyjakaupstaðar í samræmi við tillögu úttektarnefndar er fjallaði um fjárhagsvanda staðarins.

Um 8. gr.

Framkvæmdir Orkubús Vestfjarða á sviði raforkumála eru fyrirhugaðar fyrir 1 162 m.kr., og vegna fjarvarmaveitna fyrir 500 m.kr. Til fjármögnunar framkvæmdanna er áformað að afla lánsfjár að upphæð 1 517 m.kr. en úr rekstri eru áætlaðar 145 m.kr. til framkvæmdanna.

Um 9. gr.

Vegna rekstrarörðugleika hjá Þörungavinnslunni að Reykhólum hafa safnast skuldir við lánastofnanir. Vegna þessa er nú áformað að heimila fyrirtækinu lántöku að fjárhæð 240 m.kr. til þess að létta á skuldabyrði og standa í skilum við lánastofnanir.

Um 10. gr.

Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs Íslands nemur á árinu 5 525 m.kr. Af þessari fjárhæð eru 2 525 m.kr. ætlaðar til endurláns til fjárfestingarlánasjóða en auk þess hefur framkvæmdasjóður tekið að sér meðalgöngu um útvegum 3 000 m.kr. lánsfjár til Framleiðsluráðs landbúnaðarins vegna greiðslna útflutningsbóta verðlagsársins 1978/1979.

Um 11. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Skyldusparnaðarfé ungmenna mun nú koma til skiptingar þannig að til Byggingarsjóðs ríkisins renna 7 500 m.kr. og til Framkvæmdasjóðs Íslands 1 000 m.kr. Frá áramótum 1979/1980 er ákveðið að framvegis gangi ekkert af skyldusparnaðarfé til Stofnlánadeildar landbúnaðarins enda falla íbúðarbyggingar í sveitum nú undir skyldu Byggingarsjóðs ríkisins um lánveitingar. Lántaka Framkvæmdasjóðs Íslands hjá Byggingarsjóði ríkisins af skyldusparnaðarfé verður með hliðstæðum kjörum og Byggingarsjóður nýtur að jafnaði af þessu lánsfé.

Um 13.—25. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í fjárlögum um skerðingu á framlögum til fjárfestingarlánasjóða er nauðsynlegt að lögum nokkurra sjóða verði breytt.

Um 26. gr.

Lögbundnar fjárveitingar til ferðamálasjóðs voru lækkaðar eins og framlög til annarra fjárfestingarlánasjóða og nemur framlagið því alls 27 m.kr. Samkvæmt lögum nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal tiltekinn hluti af veltu Frihafnarinnar á Keflavíkurflugvelli renna til þessarar starfsemi. Tekjustofni þessum er nú breytt þannig að 30% af skilum Frihafnarinnar til ríkissjóðs renna til ferðamála.

Um 27. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið vöð á erlendum lánum til nægilega langs tíma, miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Veldur þetta örðum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Rétt þykir að fjármálaráðherra geti í samráði við fjárveitinganefnd tekið lán til greiðslu annarra lána sé slíkt talið heppilegt. Sams konar heimild er nú veitt stjórn Landsvirkjunar til breytingar lána.

Að undanfögnu hafa kjör á lánsfjármörkuðum þróast þannig að hagstæðast virðist að taka lán til tiltölulega skamms tíma. Þessum lánum þarf síðan að breyta í langtímalán verði þróun á lánamörkuðum slík að vextir af lánum til langs tíma sýnast hagstæðari. 2. mgr. greinarinnar er ætlað að skapa svigrúm til að nýta hagstæðustu lánamöguleika hverju sinni.

**Opinber öflun lánsfjár og ráðstöfun þess á lánsfjáráætlun
Í m.kr.**

	Bráðabirgða- tölur 1979	Lánsfjár- áætlun 1980
1. Innlend lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda		
1.1. Útgáfa spariskirteina og happdrættisbréfa	6 500	7 000
1.2. Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé umfram inn- lausn	555	6 738
1.3. Verðbréfakaup bankakerfis	—	3 900
1.4. Verðbréfakaup til lífeyrissjóða	—	6 000
1.5. Annað lánsfé	1 004	—
Samtals	8 059	23 638
2. Innlend lánsfjáröflun fjárfestingarsjóða		
2.1. Verðbréfakaup lífeyrissjóða	12 372	15 464
2.2. Lán Atvinnuleysistryggingasjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins	1 784	2 236
2.3. Lán bankakerfis til Framkvæmdasjóðs	2 131	2 800
2.4. Skyldusparnaður til Byggingarsjóðs	5 896	8 500
2.5. Annað lánsfé	41	—
Samtals	22 224	29 000
Innlend lánsfjáröflun, alls	30 283	52 638
3. Erlend lán		
3.1. Erlend lán til opinberra framkvæmda	30 105	49 795 ¹⁾
3.2. Erlend lán til fjárfestingarlánasjóða	5 749	5 525 ¹⁾
Samtals	35 854	55 320
Lánsfjáröflun = Ráðstöfun lánsfjár	66 137	107 958
4. Opinberar framkvæmdir		
1.1. Framkvæmdir á A-hluta fjárlaga	5 710	12 058
1.2. Framkvæmdir á B-hluta fjárlaga	16 790	21 827 ¹⁾
1.3. Landsvirkjun	9 985	28 691
1.4. Orkubú Vestfjarða	—	1 517
1.5. Þörungavinnslan	—	240
1.6. Hitaveitur sveitarfélaga	4 372	6 400
1.7. Aðrar opinberar framkvæmdir	1 307	1 600
Samtals	38 164	72 333
5. Fjárfestingarlánasjóðir		
2.1. Framkvæmdasjóður	13 161	15 625 ¹⁾
2.2. Byggingarsjóður ríkisins	11 800	18 036
2.3. Aðrir sjóðir	3 012	1 964 ^{1 2)}
Samtals	27 973	35 625

1) Færslur fjármagns milli aðila eru hér ekki meðtaldar en um vixl milli lánsfjáröflunar og ráðstöfunar á vegum aðila vísast til skýringa í texta fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1980.

2) Bygðasjóður 1 500 m.kr og Stofnlánadeild landbúnaðarins 464 m.kr.